



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun



Leikskólinn Langholt



2020-2021

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Gleði – virðing – vinátta.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra mat Furðuland.....	5
2.1 Innra mat Dvergaland.....	5
2.2 Innra mat Álfaland	9
2.3 Innra mat Undraland.....	11
2.4 Innra mat Smálönd Lundur	12
2.5 Innra mat Smálönd Skáli	13
2.6 Innra mat Bláaland	14
2.7 Innra mat Gulaland	17
2.8 Innra mat Rauðaland.....	18
3. Ytra mat	20
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	20
6. Foreldrasamvinna	21
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	21
8. Fylgigögn.....	22



Leiðarljós leikskólans: Gleði – virðing – vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2019-2020 byrjaði vel á Langholti. Við byrjuðum haustið full mönnuð og nokkuð bjartsýn á að starfið gæti farið hratt af stað. Það sem einkennir haustin hjá okkur er auðvitað að um 48 ný börn byrja hvert haust í skólanum. Það tekur nokkuð langan tíma að koma svona mörgum börnum af stað. Við höfum skipt aðlögun í tvennt og jafnvel þrennt til að ná sem bestum tíma með börnum og foreldrum í upphafi. Við höfum unnið eftir skipulagi þátttökuaðlögunar og það hefur gengið vel. Markmið vetrarins Læsi, útinám og íslenska sem annað mál má sjá í öllum okkar áherslum. Við leggjum okkur fram við að koma okkar leiðum að þessum markmiðum vel á framfærði við foreldra og finnst mér það ganga nokkuð vel.

Þó haustið hafi farið vel af stað og starfmenn tilbúnir í að vinna af krafti að innleiðingu nýju Menntastefnunnar fór veturinn ekki eins og við höfum lagt upp með. Strax í janúar gerðum við okkur grein fyrir að miklar líkur væru á að kjaradeilur myndu setja svip sinn á starf vetrarins. Það kom svo sannarlega á daginn þegar verkfall Eflingar skall á um miðja febrúar. Það olli því að við urðum að loka 3 deildum af 9 og það var mjög skert starf á hinum sem opnar voru. Í beinu framhaldi þegar verkfallið kláraðist skall Covid 19 á með ýmsum takmörkunum á okkur og setti svip sinn á allt skólastarf. Við vorum með mjög skert starf þar sem aðeins helmingur barna mátti vera í skólanum í einu. Að vinna að innleiðingu á nýrri Menntastefnu hefur því ekki gengið eins vel og við ætluðum. Við vildum byrja á að efla stjórnendateymi skólans þar sem vantaði aðeins upp á að ná að koma inn þeim breytingum á starfinu sem við vildum öll gera. Að festa nýjar aðferðir í veggjunum er mikil vinna. Við fengum KVAN með okkur í lið og byrjuðum haustið 2019 á góðum starfsmannadegi þar sem farið var yfir samvinnu og samstöðu á vinnustað. Í framhaldi áttum við að byrja í mjög markvissri vinnu með þeim þar sem stjórnendateymið myndi hittast nokkrum sinnum í handleiðslu og verkefnavinnu. Þetta því miður var ekki hægt að fara í á vorönn 2020 vegna ástandsins í samfélaginu og var þessu frestað fram á haust 2020, vona ég svo sannarlega að við getum farið á fullt þá.

Ég er ótrúlega stolt af öllu mínum starfsmönnum á Langholti eftir þennan vetur. Það þarf mikla þrautseigju og þol að halda uppi skólastarfi á tímum sem þessum. Það er búið að vera ótrúlega



mikil samstaða og samheldni í öllum hópnum. Og okkar mottó er að hér eru engin vandamál eingöngu lausnir, tókst okkur nokkuð vel að halda fast í það.

Þó voru allir glaðir þegar kom að sumarfrí því óneitanlega myndast þreyta og álag þegar þarf að umturna öllu því sem maður þekkir í vinnunni.



2. Innra mat Furðuland

Á Furðulandi voru í vetur 25 börn öll fædd árið 2014. Á deildinni voru 16 stelpur og 9 strákar. Fastir starfmenn deildarinnar voru þrír, tveir í 100% starfi og einn í 90% starfi. Fastur starfsmaður kom inn í 50% stöðu og sá um undirbúningsafleysingu. Árstíðirnar eru megin þema á Furðulandi og það sem þeim viðkemur. Þemað fyrir áramót var haustið og veturinn. Einnig höfum við verið að vinna mikið með virðingu, umhyggju, hugrekki og vináttu. Eftir áramót var svo hugsunin að vinna með Barnamenningarhátíð, vorið og svo sumarið. En starfið á Furðulandi hefur verið mjög skrítið þetta árið. Furðuland var lokað í verkfalli Eflingar og þegar því lauk var deildinni breytt vegna Covid-19. Byrjað var á að skipta börnunum í tvo hópa sem mættu 2 daga aðra vikuna og 3 daga hina vikuna. Fljótlega fóru svo nokkur börn á forgangsdeild og þá komu inn börn frá Undralandi og Álfalandi. Við höfum í allan vetur lagt mikla áherslu á læsi og frjálsan leik. Það var alltaf sögustund í hádeginu. Við höfum haft hringekju einu sinni í viku þar sem mikil áhersla er lögð á málörvun og færni í fínhyfingum og einbeitingu. Lubbi hefur átt sinn sess í hringekjunni. Eftir áramót skiptum við börnunum í hópa þar sem tekið var tillit til getu barna til að hlusta og skilja það sem lesið er. Útinám eins og skipulagt var hefur fallið niður eftir áramót af mörgum ástæðum en við erum alltaf að læra um náttúruna, umhverfið og einnig erum við mjög dugleg að vera úti og fara í gönguferðir.

2.1 Innra mat Dvergaland

Á deildinni voru 24 börn 16 elstu börn fædd 2014 og 8 næst elstu börn fædd 2015.

Útinám

Eldri hópur: Heilt yfir gekk útinámið hjá eldri hópnum vel og var vel skipulagt. Flottar og skemmtilegar skráningar voru gerðar eftir hverja ferð. Markmiðið með útináminu var að tengja útinámið við starfið á deildunum, að börnin gætu notið sín í útiveru og lært að meta umhverfið sitt ásamt því að hafa minni barnahópa svo að allir gætu notið sín. Einnig var lögð áhersla á læsi í víðum skilning, samræður, samvinnu og umhverfisvitund. Tenging við starfið var ekki nógu öflug á Dvergalandi. Úrvinnsla úr ferðum var ekki nægilega markviss á Dvergalandi.



Úrbætur: Mikilvægt er að bæta úr því með markvissari úrvinnslu þar sem verkefni, lög og þulur eru jafnvel fyrirfram ákveðin og í tengslum við þau þemu sem unnið er með að hverju sinni í útináminu. Þrátt fyrir að Hugrún skipuleggi og sjái um útinámið fyrir elsta hópinn væri gott að starfsmaður á Dvergalandi bæri ábyrgð á allri úrvinnslu ásamt því að tengja markmið útinámsins hverju sinni við daglegt starf á deildinni

Það að hafa 16 börn í útináminu reyndist mjög vel. Á Dvergalandi voru 16 elstu börn sem fóru saman í útinám einu sinni í viku með Auroru og Hugrúnu.

Yngri hópur: Guðrún og Gréta fóru með yngri hópinn í útinám. Útinámið hjá yngri hópnum gekk einnig heilt yfir vel. Í upphafi var ætlunin að hafa útinámið á tveggja vikna fresti (*á m'oti TBR ferðum) en af ýmsum ástæðum gekk það ekki alltaf eftir. Markmiðið var að tengja útinámið við starfið á deildinni ásamt því að börnin gætu notið sín í útiveru og lært að meta umhverfið sitt. Lögð var áhersla á að börnin myndu kynnst nærumhverfi leikskólans, náttúrunni ásamt því að læra að þekkja íslenskt veðurfar. Það var farið í ferðir á leikvelli, í göngutúra um hverfið ásamt því að nýta ýmis svæði í nágrenni leikskólans. Lögð var áhersla á að öll innlögn væri skemmtileg og í gegnum leikinn. Meðal annars var unnið með hluti úr náttúrunni, formin, litina, tölustafi og tölugildi. Eftir flestar ferðir var gerð skráning með myndum og einnig unnu börnin ýmis verkefni út frá ferðunum.

Úrbætur: Það var búið að ákveða í fyrra að hafa heimilisheimsóknir næst elstu barnanna á vorin þegar starfsmenn og börnin hafa kynnst hvort öðru betur. Hugsanlega kæmi vel út að byrja heimilisheimsóknirnar í júní á meðan útideildin væri í gangi. Dvergaland er búið að skipuleggja heimilisheimsóknir en þær fara af stað í næstu viku.

Einnig mætti skipuleggja útinámið hjá yngri hópnum á markvissari hátt og vinna lengur með ákveðin þemu í gegnum leikinn, til dæmis formin, bókstafina, tölugild, tölustafina o.fl.

Íslenska sem annað mál

Markmiðið var að skapa málörvandi umhverfi í þeim tilgangi að auka orðaforða og skilning, lesa bækur við hæfi ásamt því að auka öryggi barnanna í samskiptum. Ætlunin var að lesa bækur fyrir börnin í litlum hópum á hverjum degi, setja orða á alla hluti og allar athafnir í



daglegu starfi, nota 10 mín regluna ásamt því að tala skýrt og endurtaka orð/setningar á réttan hátt.

Úrbætur: Starfsmenn deildarinnar voru oftast meðvitaðir um að setja orð á hluti og athafnir í daglegu starfi ásamt því að endurtaka orð/setningar á réttan hátt. Börnin voru einnig hvött til þess að nota orðin sín í stað þess að benda á hlutina og að tala í lengri setningum. Lesið var daglega fyrir öll börn í litlum hópum en það hefði mátt leggja meira upp úr því að lesa oftar og einfaldari bækur fyrir þau börn sem hafa íslensku sem annað mál og þurfa á aukinni málörvun að halda. Gott er jafnvel að skipta hópnum eftir getu í leshópa en ekki hafa endilega matarhópana í lesstundum. Mikilvægt er að hafa 10 mín regluna í huga þar sem hún á það til að gleymast. Þau börn sem sækja almennt meira í samskipti við starfsmenn fengu oftar málörvun heldur en þau börn sem halda sig meira til hlés og sækja síður í samskipti við starfsmenn.

Læsi

Markmiðið með læsi er að efla málþroska, meðal annars málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund, að börnin verði læs á umhverfið, jákvæð samskipti ásamt því að nýta Lubba í daglegu starfi. Öll börn fara í sögustundir/samverustundir á hverjum degi og lesið er börnin minnst einu sinni á dag. Börnunum eru kenndar flóknari þulur/söngtextar og lögð er áhersla á læsishvetjandi umhverfi á deildinni. Eldri börnin fá að halda framsögn einu sinni yfir árið á meðan eru yngri börnin með minni og öðruvísi framsögn sem tengist bangsaheimsókninni yfir eina helgi. Öll börnin æfa framsagnahæfni með því að standa fyrir framan hóp af börnum og kennurum og segja frá hlut, upplifun eða annað sem tengist hverju barn í hverju sinni ásamt því að svara spurningum úr hópnum.

Lesið var fyrir öll börn í litlum hópum á hverjum degi eftir hádegismatinn og var það undantekning ef svo var ekki gert. Fjórum sinnum í viku var lesin bók fyrir hvern hóp en einu sinni í viku var unnið með Lubbi finnur málbein þar sem áhersla var meðal annars lögð á ferð Lubba um Ísland og þá staði sem hann heimsótti á landinu. Lagt var upp með að hafa skipulagðar samverustundir á hverjum degi. Í samverustundum var lögð áhersla á að vinna með hljóðkerfisvitundina, ríma, klappa atkvæði og setja saman orð. Einnig voru lesnar bækur, lög sungin og farið með vísur. Oft var farið í ýmsa leiki sem reyna á athygli barnanna, unnið



með afstöðuhugtökin, bókstafina, tölustafina, tölugildin o.m.fl. Reynt var að leggja áherslu á læsishvetjandi umhverfi á deildinni þar sem meðal annars voru bókstafir, tölustafir og tölugildi gerð sýnileg ásamt ýmsum orðum sem tengjast daglegu starfi og lífi.

Úrbætur: Heilt yfir gekk ágætlega að vinna að þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við læsi. Starfsfólkið þarf að skipuleggja betur samverustundir áður en þær byrja, gott að hafa efni nálægt svo það þurfi ekki að leita og finna efni áður en samveran byrjar, það mátti koma með fleiri lög og fjölbreyttari þulur. Gott að hafa í huga að hafa fleiri leiki eða annað sem gerir samveruna áhugaverðara og meira spennandi fyrir börnin. Það hefði mátt vinna markvissara með Lubba, jafnvel senda allt starfsfólkið á námskeið til að auka þekkingu og áhuga á Lubba efninu. Búið að ákveða að hafa Lubbastundina sem partur af hringekju sem verður í samvinnu við Furðuland einu sinni í viku, á fimmtudögum en þannig fá börnin að njóta sín á mismunandi stöðvum þar sem starfsfólkið eru að deila með þeim þekkingu og áhugamál sem hver starfsmaður er sterkastur og bestur í.

Framsagnir bæði hjá eldri og yngri gengu mjög vel, börnin styrktust í að segja frá, lærðu mikilvægan þátt að hlusta, þau urðu öruggari með sér, fengu að vera í sviðsljósi í eitt dag og yfir heildina voru þau mjög spennt og áhugasöm bæði í að segja frá og að vera áhorfandi og fá að spyrja spurningar.

Verkfall og Covid-19 tímar: Við höfum ekki verið nógu dugleg að halda okkar skipulagi á þessum óvenjulegum tímum. Í fyrstu var mikil streita og áhyggjur hjá starfsfólkinu vegna Covid, en seinna gekk betur að halda rútínu.

Barnamenningarhátíð féll niður en við höfum haldið okkur við að læra lögin og syngja þau áfram. Á Covid og verkfalls tímum voru færri börn á deildinni og þá notuðum við tímann og kynntumst þeim börnum sem mættu enn betur og náðum góðri tengingu við þau. Það var rólegt á deildinni, minni hávaði, við áttum í betri og meiri samskiptum við börnin og börnin nutu sín vel, þau styrktust í að tjá sig og fengu meiri athygli frá kennurunum og samræðurnar voru lengri og dýpri. Það var til dæmis lesið oftar á dag, jafnvel lengri sögur og þau fengu meira frelsi í að velja leikefni og svæði.

2.2 Innra mat Álfaland

Nýr deildarstjóri tók við deildinni. Einkennandi fyrir haustönnuna var að það voru miklar breytingar og óstöðuleiki í starfsmannahaldi. Þar af leiðandi var stöðuleiki í starfinu ekki nógu góður. 24. börn voru á deildinni en mikill flutningur var úr hverfinu og vildi það svo til að mörg voru að fara af Álfalandi og á nýjan leikskóla. Þess vegna voru ný börn að bætast í hópinn af annarri deild og við það raskast jafnvægið.

Á skólaárinu byrjuðu börn í leikskólanum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Íslenskt málumhverfi og menning eru yfirleitt alveg ný fyrir börnum og fjölskyldum í þessari stöðu og þau koma úr mismunandi aðstæðum. Það væri æskilegt að börnum sem hafa verið á flóttu og eru byrjendur í íslensku fylgdi tímabundið fjármagn til þess að hægt sé að styðja betur við þau í upphafi.

Umbótaþættir 2019 – 2020

Læsi :

Sögu- og samverustundir daglega Við vorum með samverustund á morgnanna þar sem var farið yfir dag mánuð og ár. Tvö börn í einu voru veðurfræðingar..Alltaf var samverustund fyrir hádegismatinn. Börnunum skipt í 2 hópa

Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag.: Eftir mat var róleg stund og börnunum skipt í smærri hópa og lesið fyrir þau. Reynt var að getuskipta hópnum þannig að amk þau sem verst standa í málþroska fengu bækur við sitt hæfi

Börnunum kenndar flóknari þulur og söngtextar: Morgunsamveran nýtt í að kenna nýja þulu í hverjum mánuði. Þetta varð lausara í reipunum í verkfalli Eflingar og datt upp fyrir sig í Covid þar sem Álfaland varð að forgangsdeild. Börnin voru duglega að tileinka sér þulur og fannst gaman að hafa þær myndrænar einnig studdi það við tvítyngdu börnin. Á morgnanna og fyrir hádegismat var sungið . Mætti þó vera markvissara á næsta skólaári hvaða lög við viljum að börnin hafi lært í lok skólaárs. Gott væri að hafa góða söngbók fyrir deildina

Læsishvetjandi umhverfi á deildinni: Bókstafir og tölustafir hengu uppi á deildinni. Gott aðgengi var að bókum fyrir börnin. Börnin höfðu aðgang að ferilmöppunum sínum með



skráningum. Við vorum með Lubbastundir í hverri viku, notuðum lubbabein fyrir síðdegishressinguna og litli Lubbi fór heim með einu barni í hverri viku. Það þarf þó að merkja meira með ritmáli inná deildinni og er það eitt af markmiðum næsta skólaárs.

Útinám:

Útinám aðra hverja viku: Við höfum farið í Útinám í hverri viku. Það hélst einnig í verkfalli og Covid.

Börnin læra að þekkja nærumhverfi sitt – Heimilisheimsóknir: Heimilisheimsóknir byrjuðu seinna en áætlað var vegna Covid. Um leið og skólastarf komst í nokkuð eðlilegar horfur byrjuðum við á heimilisheimsóknum í hverfinu. Þetta er mjög vel heppnað en gott er að hafa í huga að ekki veitir af auka starfsmanni í þessum ferðum til þess að geta haldið utan um hópinn. Börn sem ekki búa í hverfinu eru einnig heimsótt. Ákveðið var að gera dagsferð úr því með nesti.

Íslenska sem annað mál:

Lestur á hverjum degi í minni hópum: Reynt var að styðja við börn með íslensku sem annað mál með einfaldari bókum. Lesið var eftir hádegismat og börnum skipt uppí a.m.k 3 hópa. Æskilegast væri að hægt væri að skipta hópnum upp í 4 hópa í hvíldinni svo að allir fái notið sín betur. Á næsta skólaári þarf að huga að leggja inn aðra sögustund á hverjum degi fyrir tvíþrýngd börn t.d eftir síðdegishressingu.

Setja orð á alla hluti og allar athafnir í öllu daglegu starfi: Reynt var að sitja með börnunum í leik og setja orð á það sem var gert. Matartíminn var nýttur í spjall með börnunum og sett orð á mat. Þegar lagt var á borð með umsjónarmönnum var reynt að leggja inn orðaforða með. Þetta gagnast öllum börnum en dýrmætt tækifæri með tvítyngdum börnum að ná þeim einu eða tveim í einu og auka við orðaforðann. Við nýttum ekki Einn leikskóli mörg tungumál leiðarvísirinn. Það þarf að komast í rútínu á næsta skólaári til þess að geta metið árangur betur.

Tala skýrt, endurtaka orð/setningar á réttan hátt: Markvisst var endurtekið rétt það sem börnin sögðu og og þau beðin um að endurtaka. Mjög gott var að nýta matartíman í þetta þar sem mög tækifæri skapast á þeim tíma.

10 mínútna reglan: Við nýttum 10 mínútna regluna að einhverju leyti en hefði mátt vera mun markvissara. Við máttum börnin með því að skrá samskipti í hringi samkvæmt gefðu 10 og reyndum að fylgja því eftir en það gekk ekki nógu vel og þarf að taka það með sér inní næsta skólaár og gera betur.

2.3 Innra mat Undraland

Í vetur voru á deildinni 24 börn fædd 2015.

Læsi

Við höfum verið dugleg að lesa fyrir börnin í vetur, börnin fá lestrarstund amk 1x á dag, yfirleitt oftast. Við lesum fyrir börnin í samverustundum fyrir hádegi, í hvíldinni og einnig höfum við samveru í lok dags.

Við vorum með Lubba verkefni í vetur. Við byrjuðum mjög vel í haust, tókum einn staf fyrir í hverri viku en þegar leið á veturinn þá fjaraði aðeins undan Lubbastundunum og voru þær ekki eins oft. Við höfum rætt um að hafa tvær vikur fyrir hvern staf næsta vetur, sjá hvort að það gangi betur.

Útinám

Við höfum farið í gönguferðir í Laugardalinn í vetur. Við höfum verið að fylgjast með tréi og sjá það breytast eftir árstíðum. Við þurftum reyndar að skipta um tré í haust þar sem haustlitirnir hurfu snemma, en það breytti engu og voru börnin alveg til í að skipta um tré.

Við höfum einnig farið í gönguferðir um hverfið okkar og leikið okkur á rólóvöllum í nágrenni við leikskólann. Við fórum í eina strætóferð að heimsækja leikskólann Laugasól og gekk það mjög vel.

Í ferðunum erum við að spjalla um það sem fyrir augu okkar ber og finnst okkur börnin læra á umhverfið sitt í þessum ferðum.

Eftir hverja ferð er gerð skráning um ferðina og börnin gera verkefni sem tengjast ferðinni.

Íslenska sem annað mál

Í vetur voru 10 börn með íslensku sem annað mál á Undralandi, þessi börn eru frá 7 löndum.



Við settum kveðjur á gólfið hjá okkur á þeim tungumálum sem tilheyra börnunum, eins settum við fána þeirra lands við kveðjurnar.

Við hefðum getað verið duglegri að taka þessi börn í minni hópum í samverustund, en gerðum það nokkrum sinnum. Mikill munur hjá börnunum í skilning/málþroska, sum þurfa meiri málörvun en önnur. Notuðum 10 mín regluna.

2.4 Innra mat Smálönd Lundur

Í vetur voru 15 börn í Lundi öll fædd árið 2016. Í byrjun júní bættist svo einn strákur í hópinn og voru börnin þá 16 fram að sumarfríi. 8 stelpur og 8 strákar. Fastir starfsmenn í Lundi eru þrír, allir í 100% starfi. Auk þess er ein veikinda og undirbúnings-afleysing sem er í 100% starfi í Lundi og Skála. Fyrir áramót gekk starfið eftir áætlun en eftir áramót breyttist starfsemin töluvert vegna verkfalls eflingarstarfsmanna og Covid veirunnar. Í verkfallinu og Covid var börnunum var skipt upp í tvo hópa og mættu þau tvo daga aðra vikuna og þrjá daga hina vikuna. Í Covid mættu 4 börn ekkert allt tímabilið og tvö börn fóru á forgangsdeild. Sex börn af Álfalandi og Undralandi voru í Lundi á þessu tímabili.

Umbótarþættir

Læsi: Sögur og samverustundir 2x á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Klappa atkvæði, fyrirmælaspjöld, ríma, taka í sundur orð og setja saman, söngur.

Á morgunfundum eru æfðar þulur t.d karl tók til orða og fingraþula.

Læsishvetjandi umhverfi, búið er að merkja stóla, borð, hillur. Leikföng eru merkt bæði með myndum og orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi.

Lubbi hefur gengið vel, dugleg að nota beinin í kaffitímanum, syngja vísurnar og gera stafaverkefni úr flestum stöfunum – þetta hefur aðeins setið á hakanum vegna Covid-19 en er komið af stað aftur.

Erum byrjaðar að nota frásagnir með verkefnum.

Læsisáætlun hefur gengið vel og áætlun staðist að mestu leyti – litlu lestrarhóparnir dattu upp fyrir í Covid-19 en það var lesið bæði í samverustundum og hvíld og öll tækifæri gripin. Allt komið á fullt að nýju.

Útinám: Höfum fylgst með árstíðarbreytingum á trénu okkar- unnið verkefni þegar heim er komið. Markvisst útinám féll mikið niður vegna Covid 19 en við vorum dugleg að fara í göngutúra og skoða umhverfið. Höfum unnið með stafi t.d hafa börnin gert stafinn sinn úr efnivið sem þau fundu í náttúrunni.

Tölustafir, fjöldi og form- ýmis verkefni unnið út frá því.

Veðurfræðingar skoða veðrið kl. 9 á morgnana.

Skráningar úr öllum ferðum.

Úthald hefur aukist til muna, ótrúlega dugleg að ganga.

Við teljum að áætlun hafi alveg staðist miðað við aðstæður.

Íslenska sem annað mál- Höfum verið dugleg að lesa í minni hópum. Reynum að setja orð á alla hluti, endurtaka, tal skýrt mál.

Læsishvetjandi umhverfi – höfum bætt úr því.

10.mín reglan er alveg notuð en ætlum að vera duglegri að skrásetja það.

Komnir upp Fávar og setningar.

Við sjáum miklar framfarir- öryggi í samskiptum, skilningur og orðaforði

2.5 Innra mat Smálönd Skáli

Læsi

Læsi hefur gengið ágætlega hjá okkur í vetur. Lubbastundir hafa gengið vel og börnin áhugasöm og alltaf spennt. Megum vera meira skapandi í úrvinnsluverkefnum. Myndrænt dagskipulag, stafir sýnilegir, orð og mál sýnilegt.

Vinna jafnvel meira með myndir og slíkt. Má merkja betur með myndum og orði. Sögustundir á hverjum degi, sum börn fá tvær og málörvunarstundir fyrir þá sem þær þurfa.



Hugmyndir að úrbótum: merkja betur með myndum og orðum, sýnilegra. Halda áfram með sögustundir.

Útinám

Útinám hefur gengið vel. Eigum tré sem við fylgjumst með, Lubbi hefur komið með í útinám. Stefnum að lengri gönguferðum en allra nánasta umhverfi leikskólans. Væri gaman að læra og vinna með endurvinnslu. Mættu vera markvissari áherslur og fjölbreyttari verkefni.

Íslenska sem annað mál

Hefur gengið ágætlega hjá okkur. Börn með íslensku sem annað mál fá mikla örvun og hvatningu. Einnig lestrar- og málörvunarstundir. Umræður um tungumálin og menningu alltaf haldið uppi. Fögnuðum til dæmis þjóðhátíðardegi Ástralíu þaðan sem barn á deildinni er. Má vera enn markvissara og sýnilegra. Megum bæta okkur í því. Fleiri málörvunarstundir og gera tungumálin sýnilegri. Væri gaman að gefa tungumálum deildarinnar meira pláss, með þemavikum og slíku.

Sjálfs hjálp

Börnin eru orðin mjög dugleg að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig í fataklefanum. Eru frekar dugleg að ganga frá leikföngum eftir sig ef þeim er haldið við efnið. Geta hjálpað sér sjálf í matatímanum en við megum leggja meiri áherslu þar, starfsfólk á það til að gleyma sér og hjálpa börnunum meira en þörf er á.

2.6 Innra mat Bláaland

Veturinn gekk nokkuð vel, barnahópurinn fljótur að aðlagast og við vorum í góðum málum hvað varðar mönnun á deildinni. Vegna verkfalls og Covid varð starfið eftir áramót frekar óhefðbundið. Í upphafi duttum við ósjálfrátt svolítið úr dagsskipulaginu en bættum smám saman úr því og komum okkur aftur af stað í rútínu. Fluttum svo í Salinn á meðan verið var að gera upp Bláaland og það tók smá tíma að finna út hvernig við gætum hagrætt skipulaginu eftir rýminu þar. Okkur hefur tekist að vinna vel úr því og það hefur farið ágætlega um okkur þar.

Aðlögun

Aðlögun gekk bara mjög vel. Fínt að vera með fund á aðlögunartímanum til að kynna starfið og hvað það er sem þarf að huga að þegar maður er með barn í leikskóla.

Vinnustundir/Frjáls leikur

Fyrir verkfall og Covid vorum við með vinnustundir 4 sinnum í viku milli kl.9-10 þar sem við skiptum deildinni í 4 hópa. Við skiptum okkur niður á mismunandi svæði eftir dögum og höfum þar tækifæri til að vinna í litlum hópum. Hver hópstjóri er með hóp í 2 vikur en svo skiptum við, fáum þannig tækifæri til að kynnast öllum aðeins betur. Við erum ekki alltaf með fyrirfram ákveðin verkefni en annars bjóða svæðin upp á mismunandi möguleika og við erum dugleg að nýta okkur það.

Erum með skráningarblað frammi fyrir hvern hóp svo foreldrar geti séð hvernig hópurinn skiptist og hvað við vorum að gera í vinnustund. Vorum oft ekki nógu dugleg að skrá á blöðin og megum bæta okkur í því.

Útivera

Við förum út allavega einu sinni á dag og erum dugleg að fara út í allskonar veður, erum þá bara styttra úti ef veðrið er óspennandi. Við höfum ekki verið að fara í ferðir út fyrir lóðina í vetur. Aðlögun er alltaf stóran part af haustinu og okkur finnst nóg að börnin læri að vera örugg hér fyrst áður en við förum að fara með þau út fyrir leikskólann.

Mættum samt vera duglegri þegar líður á veturinn að fara smám saman út fyrir leikskólalóðina, þarf ekki að vera nema stutt ferð. Vera þá búin að plana hvenær við förum og hvað við ætlum að gera, setja það inn í skipulagið.

Samverustundir/ Læsi/ Markviss málörvun

Við skiptum hópnum í tvennt í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag. Við nýtum samverustundirnar í að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Annars erum við að lesa

og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga. Svo er auðvitað alltaf gott að nýta tímann í vinnustund á morgnana í að lesa og skoða bækur, þá er hópurinn minni. Við erum með bækur og lagalista sem er sérstaklega ætlaður fyrir samverustundir og gott að grípa í þegar tækifæri gefst yfir daginn. Við erum mjög meðvituð um að setja orð á hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar).

Þurfum að vera með fyrirfram ákveðnar málörvunarstundir svo það sé alveg öruggt að það sé gert. Skipta börnunum niður í hópa og finna hentugan tíma (t.d. milli 9-10) til þess að vinna markvisst með hópana. Setja það inn í skipulagið.

Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar).

Höfum ekki verið að vinna markvisst með 10 mínútna regluna og þurfum að bæta úr því

Lubbi

Við höfum ekki verið að vinna markvisst með Lubba. Við erum með Lubbahringina á veggnum og að sjálfsögðu með Lubba og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja yfir daginn. Litli Lubbi fer svo líka heim með krökkunum.

Það þarf að finna út hvernig við ætlum að vinna með Lubba með yngstu börnunum svo allir séu meðvitaðir um þá vinnu. Leyfa þeim að hlusta á lögin og kenna þeim. Spurning hvort það eigi að vera sérstakar Lubbastundir.

Sjálfshjálp

Við erum mjög dugleg að æfa börnin í að klæða sig í og úr í fataklefanum og við sjáum mjög fljótt hvað þau geta verið dugleg ef þau fá tíma til að æfa sig. Á morgnana er alltaf einn hópur sem á að vera fyrstur út og þá fer oft sú vinnustund mikið í það að gefa þeim góðan tíma til að æfa sig að gera sjálf.

Deildarfundir



Deildarfundir þarf að festa niður. Við erum ekki búin að vera að hafa mikið af deildarfundum og við þurfum að bæta úr því, nauðsynlegt að setjast niður og ræða saman reglulega.

2.7 Innra mat Gulaland

Veturinn 2019-2020 voru 18 börn á Gulalandi, 10 strákar og 8 stelpur. Starfsfólk var í 3,7 stöðugildi. Það tók langan tíma að koma hefðbundnu starfi í gang á deildinni þar sem mörg barnanna áttu mjög erfitt að aðlagast leikskólalífinu. Við ákváðum að fresta útinámi þar til eftir áramótin þar sem við vildum að börnin sem áttu erfitt myndu fyrst ná góðu öryggi í leikskólanum.

Það voru nokkur börn með íslensku sem annað mál hjá okkur og við byrjuðum strax að vinna með það. Við prófuðum til að byrja með að nota 10 mín regluna en það fjaraði fljótt út hjá okkur, við náðum ekki að hafa nógu gott utanumhald með það. Þess í stað reyndum við bara að vera mjög meðvituð um þessi börn og tala mjög mikið við þau og vera til staðar fyrir þau.

Við byrjuðum strax að lesa mikið fyrir börnin á deildinni, skiptum þeim upp í minni hópa, lásum t.d. alltaf fyrir þau í ávaxtastundinni en þá var þeim skipt í tvo hópa. Oft var líka lesið fyrir þau í öðrum samverustundum og reglulega yfir daginn þá bauð starfsmaður uppá litla lestrarstund í sófanum með nokkur börn. Þau börn sem voru slökust hjá okkur í máli/skilningi fengu auka lestrarstund 2 börn saman í hóp, þau sem voru slökust voru 2-3 í viku á meðan hin voru 1-2 í viku.

Haustið gekk mjög vel hjá okkur frá miðjum október og út árið. Okkur gekk vel að vinna að markmiðum okkar nema eins og áður hefur komið fram útinámið. Við byrjuðum aftur að krafti í janúar en svo í febrúar skall á verkfall og þá var deildinni lokað. Eftir verkfall kom Covid og þá reyndum við að halda okkar plani áfram en á því tímabili voru fá börn á deildinni, sum börn færð á forgangsdeild og önnur börn sem komu ekkert í leikskólann. En á Covid tímanum tókst okkur loks að byrja útinámið, það gekk mjög vel með svona litla hópa og því var haldið áfram út skólaárið.

2.8 Innra mat Rauðaland

Í vetur voru 15 börn á deildinni. Á skólaárinu byrjuðu börn í leikskólanum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Íslenskt málumhverfi og menning eru yfirleitt alveg ný fyrir börnum og fjölskyldum í þessari stöðu og þau koma úr mismunandi aðstæðum. Það væri æskilegt að börnum sem hafa verið á flóttu og eru byrjendur í íslensku fylgdi tímabundið fjármagn til þess að hægt sé að styðja betur við þau í upphafi.

Um áramót hætti deildarstjóri Rauðalands og annar deildarstjóri byrjaði í byrjun febrúar. Fljótlega eftir að nýr deildarstjóri tók við skall á verkfall Eflingar og svo komið Covid í kjölfarið. Þrátt fyrir að ýmsa ókosti Covid má ekki gleyma því að börnin mættu í mun minni hópum í leikskólann í einu. Það var áberandi hvað mörg börn höfðu gott af því að mæta þegar hópurinn var minni og meiri ró yfir öllu. Starfsumhverfið varð betra að mörgu leiti.

Sögu- og samverustundir daglega:

Við vorum með samverustund á morgnana þar sem var sungið og farið yfir daginn. Það var svo aftur samverustund fyrirhádegismatinn þar sem við lásum sögu fyrir börnin og fórum í jóga. Tilraunin með að hafa jóga á þessum tíma kom vel út og átti vel við börnin.

Lesið fyrir öll börn a.m.k einu sinni á dag.: Eftir lúr barnanna var lesið fyrir börnin 1-2 saman eftir getu barnanna. Einnig lesið aukalega fyrir útivera fyrir börn sem eru með íslensku sem annað mál.

Börnunum kenndar þulur og söngtextar: Morgunsamveran nýtt í að kenna nýja þulu í hverjum mánuði. Börnin voru duglega að tileinka sér þulur og fannst skemmtilegt að læra nýjar þulur.

Á morgnanna og fyrir hádegismat var sungið. Mætti þó vera markvissara á næsta skólaári hvaða lög við viljum að börnin hafi lært í lok skólaárs. Gott væri að hafa góða söngbók fyrir deildina.

Við gerð á Trash málþroskalistanum fyrir nokkur börn á deildinni áttaði deildarstjóri sig á að auka þyrfti kennslu á þulum og flóknari söngtextum fyrir börnin.

Læsishvetjandi umhverfi á deildinni: Börnin höfðu aðgang að ferilmöppunum sínum með skráningum. Við vorum með Lubbastundir í hverri viku. Þær hófust samt sem áður ekki fyrr en



Í byrjun maí sem er of seint. Börnin fóru í Lubbastund í hópunum sínum; Kisuhóp, Ljónahóp og Fílahóp.

Útinám:

Börnin læra að þekkja nærumhverfi: Markvissar gönguferðir með tilgangi hófust í mars. Æskilegt er að byrja með þennan hóp barna mun fyrr og með markvissum hætti lengja ferðirnar.

